

30.11.2011

Alþingi
Erindi nr. P 140/562
komudagur 30.11.2011

Til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis

Tillaga Stjórnlagaráðs er fyrsta tækifærið sem gefist hefur til að gera brýnar endurbætur á stjórnarskránni. Mikilvægast í tillögunni að mínu áliti eru ákvæði sem tryggja sameign þjóðarinnar á auðlindum.

Verði þessi tillaga ekki samþykkt er nánast borin von að þetta mikilvæga mál nái fram að ganga, miðað við reynslu síðustu ára og áratuga varðandi stjórnarskrána. Enn fremur er fleira gott í tillögunni, svo sem skilvirkari ákvæði um upplýsingalög en nú gilda, og sem sjálfsögð ættu að vera, þar sem ríkisvaldið á jú að þjóna almenningi en ekki skammta honum upplýsingar úr hnefa.

Mikið af því sem lagt er til fjallar beinlínis um stöðu Alþingis og er því um að ræða leikreglur fyrir þingið og þingmenn. Eðlilega er erfitt fyrir þingmenn að fjalla um slíkt með óhlutdrægum hætti.

Að öllu þessu virtu tel ég nauðsynlegt að tillaga Stjórnlagaráðs verði lögð fyrir þjóðina til samþykktar eða synjunar, eins og hún stendur. Telji þingmenn að einhverju þurfi að breyta er hægt að gera það eftir að þessi tillaga hefur verið samþykkt (verði hún samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu).

Bestu kveðjur,

Einar Steingrímsson
200766-2789